

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Elocon 1 mg/ml húðlausn.

2. INNIGHALDSLÝSING

Mometasonfuroat 1 mg/ml.

Hjálparefni með þekkta verkun

Lyfið inniheldur 300,0 mg af própýlenglýkóli (E 1520) í hverjum millilítra húðlausnarinnar sem jafngildir 6,0 g af própýlenglýkóli í hverri einingu (20 ml glas), 9,0 g af própýlenglýkóli í hverri einingu (30 ml glas), 15,0 g af própýlenglýkóli í hverri einingu (50 ml glas) og 30,0 g af própýlenglýkóli í hverri einingu (100 ml glas).

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Húðlausn.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Húðsjúkdómar (dermatitis) sérstaklega exem af völdum ofnæmis og efnaáhrifa og einnig psóríasis.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Fullorðnir: Berist á í þunnu lagi einu sinni á dag. Húðlausnin er notuð á mjög hærð húðsvæði. Kremið hentar best til meðferðar við flestum húðsjúkdómum. Smyrslið er notað á mjög þurra, hreistraða og sprungna húð.

4.3 Frábendingar

- Rósroði (rosacea).
- Húðbólga kringum munn.
- Prymlabólur.
- Húðrýrnun.
- Kláði við endaþarmsop og í kynfærum.
- Útbrot vegna núnings.
- Bakteríusýking (t.d. kossageit, graftarákoma).
- Veirusýkingar (t.d. áblástur, ristill, hlaupabóla, venjulegar vörtur (verruca vulgaris), kynfaeravörtur (condyloma acuminata), frauðvörtur).
- Sýkingar vegna sníkjudýra og sveppa (t.d. hvítsveppir eða húðsveppir).
- Hlaupabóla.
- Berklar.
- Sárasótt.
- Viðbrögð eftir bólusetningu.
- Húðsjúkdómar hjá börnum yngri en eins árs, þar með talin húðbólga og bleyjuhúðbólga.
- Elocon má ekki nota á sár eða fleiður á húð.

- Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1. eða öðrum barksterum.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Ef fram kemur erting eða ofurnæmi við notkun Elocon húðlausnar, skal hætta meðferð og hefja aðra viðeigandi meðferð.

Ef sýking er til staðar skal veita viðeigandi sýkla- eða svepplyfjameðferð. Ef greinileg svörun fæst ekki strax, skal hætta barksterameðferð þar til náðst hefur stjórn á sýkingunni.

Ef fram koma merki um fylgisýkingu, skal varast að hylja viðkomandi svæði með umbúðum.

Barkstera með sterka verkun má ekki nota í kringum augu eða á augnalok vegna hættu á hægfara gláku (glaucoma simplex) og myndun hjúpdrers (cataracta corticalis) sem örsjaldan hefur komið fyrir.

Þegar lyfið er notað í hárvörð eða andlit skal gæta sérstakrar varúðar til að forðast að það berist í augun, vegna hættu á húðrýrnun og gláku.

Gæta skal varúðar við meðhöndlun húðkvilla við endaþarm og kynfæri, hvort sem kláði er til staðar eða ekki.

Eins og á við um alla barkstera með sterka verkun til staðbundinnar notkunar, skal hætta meðferð með Elocon húðlausn, þegar náðst hefur stjórn á húðsjúkdómnum. Háð klínískri svörun getur meðferð varað mislengi, allt frá nokkrum dögum til lengri tíma. Hins vegar skal meðferð ekki vara lengur en fjórar vikur án endurmats á ástandi sjúklings.

Aukaverkanir sem greint hefur verið frá við almenna meðferð (systematic) með barksterum, m.a. hömlun á starfsemi nýrnahettubarkar, geta einnig komið fram eftir staðbundna notkun barkstera, sérstaklega hjá börnum og nýburum.

Eins og við notkun allra barkstera til staðbundinnar notkunar, skal gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir þegar stór svæði eru meðhöndlud, ef notaðar eru umbúðir sem hylja svæðið, við langtímaðferð eða meðferð í andliti eða á roðaþotu í húðfellingum. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar verið er að meðhöndla börn. Vegna stærra húðsvæðis miðað við líkamsþyngd eru börn frekar en fullorðnir útsett fyrir hömlun á öxli undirstúku, heiladinguls og nýrnahettna og Cushings sjúkdómi. Vegna aukinnar hættu á að fylgjast reglulega með sjúklingum þegar stór húðsvæði eru meðhöndlud með með stórum skömmum af barksterum með sterka verkun, með tilliti til hömlunar öxli undirstúku, heiladinguls og nýrnahettna. Við einkenni um hömlun á öxli undirstúku, heiladinguls og nýrnahettna, skal reyna að hætta meðferð með Elocon, fækka þeim skiptum sem borið er á húðina eða skipta yfir í vægari barkstera.

Hömlun á öxli undirstúku, heiladinguls og nýrnahettna gengur oftast til baka þegar meðferð er hætt. Fráhvarfseinkenni eru mjög sjaldgæf þegar meðferð með barksterum er hætt. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að bæta við almennri (systematic) barksterameðferð.

Börn á að meðhöndla með eins litlum skammti af barksterum og mögulegt er til að ná verkun. Langvarandi meðferð með barksterum getur hugsanlega haft áhrif á vöxt og þroska barna.

Gæta skal varúðar við notkun Elocon hjá börnum eldri en 2 ára, því að ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun við notkun Elocon lengur en í 3 vikur.

Elocon er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára þar sem ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun hjá þessum aldurshópi.

Staðbundin sterameðferð við psóríasis getur verið áhættusöm, því að hætta er á afturhvarfseinkennum (rebound effect) með þolmyndun í kjölfarið, graftarbólupsóriasis og staðbundnum eða altækum eitrunaráhrifum, vegna þess að varnir húðarinnar veikjast. Ef nota á lyfið við psóríasis er mikilvægt að sjúklingurinn fái ítarlegar leiðbeiningar.

Eins og við á um alla sterka barkstera til staðbundinnar notkunar, skal forðast að hætta meðferð skyndilega. Þegar langvarandi meðferð með barkstera með sterka verkun er hætt, geta afturhvarfseinkenni (rebound effect) komið fram, sem lýsa sér með húðbólgu með miklum roða, sviða og brunatilfinningu eða versnun psóríasis og graftarbólupsóriasis. Þetta má koma í veg fyrir með því að hætta meðferð smátt og smátt, t.d. með því að minnka skammta smám saman þar til meðferð er alveg hætt.

Eftir langvarandi staðbundna meðferð með sterku barksterum verður húðrýrnun oftar í andliti, kynfærum og á innanverðum hand- og fótleggjum en á öðrum svæðum líkamans.

Staðbundin og altæk eitrunaráhrif koma einkum fram eftir samfellda notkun í langan tíma á stór, sködduð húðsvæði, í húðfellingar og ef pólýetýlen sáraumbúðir eru settar yfir svæðið. Þegar lyfið er notað hjá börnum eða í andlit má ekki nota umbúðir. Þegar lyfið er notað í andlit skal notkunin takmarkast við 5 daga í senn. Forðast skal langvarandi notkun hjá öllum sjúklingum, óháð aldri.

Hafa ber hugfast að barksterar geta breytt útliti sára og þar með gert sjúkdómsgreiningu erfiðari og einnig seinkað því að sár grói.

Barksterar geta dulið og virkjað húðsýkingu og leitt til þess að húðsýking versni.

Elocon, sem ætlað er til staðbundinnar notkunar, má ekki nota í augun eða augnalok vegna hættu á hægfara gláku (glaucoma simplex) og myndun hjúpdrers (cataracta corticalis), sem kemur örsjaldan fyrir.

Sjóntruflanir

Verið getur að skýrt sé frá sjóntruflunum við altæka og staðbundna notkun barkstera (þ.m.t. í nef, til innöndunar og í augu). Ef sjúklingur fær einkenni á borð við þokusýn eða aðrar sjóntruflanir skal íhuga að vísa honum til augnlæknis til að meta mögulegar ástæður sjóntruflananna, þ.m.t. drer, gláka eða sjaldgæfir sjúkdómar á borð við miðlægan vessandi æðu- og sjónukvilla sem tilkynnt hefur verið um eftir altæka og staðbundna notkun barkstera.

Elocon húðlausn inniheldur própýenglýkól (E 1520) sem getur valdið húðertingu.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar þekktar.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjósttagjöf

Meðganga:

Engin reynsla fyrirliggjandi af notkun Elocon á meðgöngu.

Við meðgöngu og brjósttagjöf skal Elocon eingöngu notað í samráði við lækninn. Þó skal samt sem áður forðast að nota lyfið á stór líkamssvæði eða í langan tíma. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um öryggi hjá mönnum við notkun lyfsins á meðgöngu. Staðbundin notkun barkstera hjá dýrum með fangi getur valdið óeðlilegum fósturþroska þar með talið klofnum góð og vaxtarskerðingar í móðurkviði. Ekki hafa verið gerðar fullnægjandi og vel skipulagðar rannsóknir á notkun Elocon hjá þunguðum konum og því er hættan á þessum áhrifum á fóstur manna ekki þekkt. Eins og við á um alla sykurbarkstera til staðbundinnar notkunar þarf að hafa í huga líkurnar á að flutningur sykurbarkstera um fylgju hafi áhrif á fósturvöxt. Eins og á við um alla sykurbarkstera til staðbundinnar notkunar skal

eingöngu nota Elocon hjá þunguðum konum ef hugsanlegur ávinningur vegur þyngra en hugsanleg áhætta fyrir fóstrið.

Brjóstagjöf:

EKKI er vitað hvort staðbundin notkun barkstera geti leitt til nægjanlegs altæks frásogs til þess að þeir finnist í mælanlegu magni brjóstamjólk. Elocon má eingöngu nota hjá konum með barn á brjósti eftir ítarlegt mat á hlutfalli ávinnings og áhættu. Ef þörf er á meðferð með stórum skömmum eða langvarandi meðferð skal hætta brjóstagjöf.

EKKI skal meðhöndla brjóstasvæði hjá konum með barn á brjósti.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Elocon hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Aukaverkanir sem hafa verið tilkynntar í tengslum við meðferð með Elocon eru flokkaðar eftir líffærakerfum og tíðni.

Mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $<1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $<1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $<1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($<1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Sýkingar af völdum sýkla og sníkjudýra	
Sjaldgæfar	Fylgisýking.
Koma örsjaldan fyrir	Hárlíðursbólga.
Tíðni ekki þekkt	Dulin sýking, versnun sýkingar, sýking, graftarkýli.
Innkirtlar	
Mjög sjaldgæfar	Hömlun á starfsemi nýrnahettubarkar.*
Taugakerfi	
Koma örsjaldan fyrir	Sviði
Tíðni ekki þekkt	Náladofi
Augu	
Tíðni ekki þekkt	Pokusýn (sjá kafla 4.4)
Húð og undirhúð	
Sjaldgæfar	Húðryrnun, húðrákir, stera-rósroði, viðkvæmar háræðar (flekkblæðing/purpuri).
Mjög sjaldgæfar	Ofhæring, ofnæmi (mometasonfuroat).
Koma örsjaldan fyrir	Náladofi/sviði, kláði.
Tíðni ekki þekkt	Háræðavíkkun, húðroði, steraþrymlabólur, graftarbólupsóríasis, snertihúðbólga, vanlitun húðar.
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	

Tíðni ekki þekkt	Sársauki á meðferðarsvæði, ofnæmisviðbrögð á meðferðarsvæði.
------------------	--

*Aukaverkanir í tengslum við almenna meðferð geta einnig komið fram eftir notkun barkstera til staðbundinnar notkunar, sérstaklega við langvarandi notkun og kröftuga meðferð eða við meðferð á stórum húsvæðum. Þetta á einkum við um börn og nýbura (sjá kafla 4.4).

Í mjög sjaldgæfum tilvikum hefur verið greint frá eftirfarandi staðbundnum aukaverkunum eftir notkun annarra barkstera til staðbundinnar notkunar, þær gætu því einnig komið fram við notkun mometasónfuroats: Ertung í húð, of- eða vanlitun húðar, húðbólga í kringum munn, snertiofnæmi, „soðin“ húð (maceration) og hitabólur, versnun exemps (afturhvarfseinkenni), húðþurrkur, húðbólga, háraðavíkkun.

Meðferð á útbreiddu psóríasis eða ef meðferðinni er skyndilega hætt getur orsakað graftarbólupsóríasis.

Börn

Börn geta verið viðkvæmari fyrir hömlun á öxli undirstúku, heiladinguls og nýrnahettbarkar og Cushings heilkenni, vegna útvortis steranotkunar en fullvaxnir einstaklingar, þar sem að húðsvæðið er stórt miðað við hlutfall líkamsþyngdar.

Langvarandir notkun barkstera getur haft áhrif á vöxt og þroska barna.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Pannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is.

4.9 Ofskömmutun

Ekki hefur verið greint frá ofskömmutun.

Ef um ofskömmutun er að ræða ætti yfirleitt strax að hefja meðferð við einkennum og stuðningsmeðferð sem haldið er áfram eins lengi og nauðsyn krefur.

Einkenni

Óhófleg eða langvarandi notkun barkstera til staðbundinnar notkunar getur leitt til hömlunar á öxli undirstúku, heiladinguls og nýrnahettubarkar, með afleiddri hömluna á nýrnahettuberki, sem gengur oftast til baka, og einkennum barksteraofverkunar m.a. Cushings sjúkdóms.

Ef hömlun á öxli undirstúku, heiladinguls og nýrnahettubarkar kemur fram skal reyna að draga úr magni lyfsins í líkamanum með því að nota lyfið sjaldnar eða nota veikari stera í staðinn.

Steramagnið í hverri flösku er svo lítið að það hefur engin eða lítil áhrif ef það er tekið inn fyrir slysni.

Meðferð

Mælt er með viðeigandi meðferð við einkennum. Bráð einkenni barksteraofverkunar eru oftast afturkræf. Ef þörf er á er saltajafnvægi leiðrétt. Við langvinna eitrun er barksterameðferð hætt smátt og smátt.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Barksterar með sterka verkun (flokkur III) Mometasonum, ATC flokkur: D 07 AC 13

Verkunarhátt Elocons má leiða beint af verkunum innihaldsefnanna mometasonfuroats og burðarefna þess.

Mometasonfuroat er sykursteri með sterka verkun og tilheyrir flokki III (EEC flokkun).

Í croton olíuprófi hjá músum var mometasonfuroat ($ED_{50}=0,02 \mu\text{g}/\text{eyra}$) jafnvirk og betametasonvalerat eftir einstaka meðferð og næstum því 8 sinnum virkara en betametasonvalerat eftir 5 daglegar meðferðir ($ED_{50}=0,02 \mu\text{g}/\text{eyra/dag}$ samanborið við $0,014 \mu\text{g}/\text{eyra/dag}$). Með tilliti til annarra lyfjafræðilegra verkana, sérstaklega tengdum sykursterum, var mometasonfuroat ($ED_{50}=5.3 \mu\text{g}/\text{eyra/dag}$) minna virkt en betametasonvalerat ($ED_{50}=3.1 \mu\text{g}/\text{eyra/dag}$) í að hemja HPA öxulinn hjá músum eftir fimm daglegar meðferðir.

Lækningalegur stuðull (therapeutic index) sýnir að búast má við því að mometasonfuroat sé 3-10 sinnum öruggara en betametasonvalerat. Lækningalegur stuðull var ákvárdar með stöðluðum rannsóknaraðferðum og er grundvallaður á sambandi ED_{50} milli almennra steraáhrifa (thymolosis eða hömlunar á HPA öxli) og svæðisbundinnar bólgeyðandi verkunar.

Niðurstöður úr rannsóknum á mönnum:

Sýnt hefur verið fram á eftirfarandi með McKenzie æðasamdráttarrannsókninni, sem gerð var til að bera saman æðasamdráttarverkun mometasonfuroats og annarra sykurstera á markaðnum:

Mometason húðlausn 0,1% var jafn virkt og betametasonvalerat áburður 0,1%.

Niðurstöður úr klínískum rannsóknum sýndu: að mometason húðlausn 0,1% var öruggt og áhrifaríkt eins og betametasonvalerat áburður 0,1% við meðferð á psóríasis í hársverði.

5.2 Lyfjahvörf

Frásogspróf gegnum húð með geislamerktu mometasonfuroat smyrсли og kremi var gert á mönnum til að meta almennt frásog og útskilnað. Niðurstöðurnar sýndu að u.p.b. 0,7% og 0,4% af sterunum hafði frásogast eftir 8 klukkustundir frá umbúðalausri heilbrigðri húð, hjá heilbrigðu rannsóknarþýði. Rannsóknir sem meta hugsanlegt aðgengi lyfsins (mæling á hömlun á HPA öxli) hjá fólk, renna stoðum undir að frásog mometasonfuroats gegnum húð sé lítið.

5.3 Forklínískar upplýsingar

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Própýlenglýkól (E1520)
Ísóprópanól
Hreinsað vatn
Hýdroxýprópýlsellulósi
Natríumtvíhýdrogenfosfattvíhýdrat
Pynnt fosfórsýra.

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engar sérstakar varúðarreglur um geymslu.

6.5 Gerð íláts og innihald

Glas.

Pakkningastærðir: 20 ml, 30 ml, 50 ml og 100 ml.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Engin sérstök fyrirmæli.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

N.V. Organon
Kloosterstraat 6
5349 AB Oss
Holland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

900196 (IS)

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 1.apríl 1994.
Dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 22. janúar 2007.

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

12. apríl 2023.